



KKA – Akstursíþróttafélag

Akstursíþróttafélag vélsleða- og vélhjólamanna á Akureyri

e mail: th@ALhf.is

Vættagili 24, 603 Akureyri

sími: 892 9806, 460 9800, fax: 460 9801

Skipulagsnefnd Akureyrarbæjar
b/t Péturs Bollasonar, skipulagsstjóra
Ráðhúsinu
600 Akureyri.

Akureyri 27. maí 2014

Efni: KKA akstursíþróttafélag og aksturssvæði þess í Glerárhólum og Torfdal.

Ég þakka góðan fund með heilbrigðisnefnd og skipulagsstjóra.

Framkvæmdir á KKA svæðinu voru til umræðu. KKA hefur gert gríðarlega mikið á svæðinu. Ekið þúsundum tonna af efni og fært mikið til, gróðursett og breytt landslagi. Bókfært verð framkvæmda nemur tugmilljónum króna. Nú er búið að breyta reglum þannig að KKA þarf framkvæmdaleyfi fyrir fleiri verkum en áður.

Framkvæmdaáætlun KKA er metnarfull, á henni er m.a. þetta:

1. Fylla gíginn sem er vestan við svæðið
2. Reisa tækjaskemmu norðan við félagsheimilið
3. Reisa félagsheimili þar sem gígurinn er núna.
4. Setja upp aðstöðu fyrir keppnisfólk og áhorfendur á þeim stað sem er verið að fylla núna, þ.e. þar sem gígurinn er.
5. Gera hljóðmanir við Hlíðarfjallsveg.
6. Laga námurnar sem eru við Hlíðarfjallsveg, færa til efni og e.t.v. bæta við efni til að styrkja landið á bakvið brekkuna ofan Torfdals (svo hún hrynji ekki niður í dalinn eða ofan í námuna því allt of mikið hefur verið tekið af efni niður fyrir og bakvið brekkubrún.)
7. Gera göng undir áætlaðan veg inn á skotsvæðið og aksturssvæði KKA
8. Bæta við efni í akstursbrautir.

9. Árlega þarf u.þ.b. 2000-2600 tonn af mold í brautir félagsins, hún kemur venjulega utan frá þ.e. ekki af svæðinu (sjá um það síðar).
10. Það þarf að aka miklu efni á svæðið sbr. 9. tl.
11. Snúa við akstursstefnu í brautum KKA til þess gæti þurft enn meira efni en talað er um að aka upp á svæðið.

KKA svæðið úr lofti:



Væntanlega þarf leyfi til einhverra ofangreindra athafna. **Í það minnsta er sótt um það núna að fá að fylla gíginn.** Umræddur gígur er vestan við brautir félagsins. Af þessum gíg er hætta og hefur hann valdið einu slysi svo vitað sé um, sbr. bréf félagsins til skipulagsnefndar frá í júní 2010. Hættan felst í því að hann er nálægt brautunum þannig að menn hafa hreinlega óvart ekið ofan í hann og svo fyllist hann af vatni sem vitanlega skapar hættu.



Gígurinn sést vel á hægra megin á þessum myndum. Óþekktir aðilar námu efnið á brott og bjuggu til þennan gíg í óþökk KKA.

Við gerðum samning við Finn ehf. um að hann myndi fá að losa efni ofan í gíginn og fylla hann fyrir okkur. KKA á jarðýtu sem notuð hefur verið til að ryðja ofan í gíginn.

Við höfum átt í vandræðum með bæði aðila sem hafa tekið efni á svæðinu okkar og ennfremur þá sem hafa losað sig við efni þar. Þessi vandamál hafa þó farið minnkandi eftir að menn hafa áttað sig á því að þetta eru íþróttasvæði en ekki svæði til malartöku og losunar. Ég hef ritað mörg bréf um KKA svæðið til bæjaryfirvalda. Til dæmis ritaði ég skipulagsyfirvöldum bréf dags. 16. júní 2010 þar sem ég ræði m.a. þennan gíg sem þarf að fylla. KKA hugðist nota brekkuna sem var bakvið brautirnar undir áhorfendastæði en þær voru einfaldlega grafnar burt og gígur skilinn eftir, sem varð vandamál félagsins. Þetta kemur allt vel fram í þessu 4 ára gamla bréfi en þar segir m.a.:

„Hafið þið skoðað svæðið við Glerárdalsréttina eftir að efnistaka hófst þar í fyrra? Það lítur ekki vel út.

Hvaða heimildir hafa verið gefnar út af bænum til efnistöku úr landi sem KKA hefur verið úthlutað? Og til hverra?

Hvaða heimildir eru núna í gildi um efnistöku á svæðum KKA og skotfélagsins?

Búið er að grafa út úr landinu bakvið brautir KKA og stundum inn á KKA svæðið þannig að brautir hafa skemmt. Efnistökuaðilar hafa grafið úr bökkum þannig að vatn hefur runnið inn á KKA svæðið og skemmt þar brautir og aðrar framkvæmdir. Þetta er í landi sem KKA var búið að laga en það er farið veg allrar veraldar eins og margt annað landslag á svæðinu. Má t.d. nefna að slys varð því að efnistökuaðili gróf út úr beygju á KKA brautinni og fór þar einn ökumaðurinn út af og niður í gryffuna sem grafin hafði verið í leit að efni.

Landið er illa farið með gríðarlegum gryfjum og holum sem hafa svo fyllst af vatni. KKA er að vinna í að laga landið aftur og fylla uppí og mun þökuleggja og gera þetta að fallegum áhorfendasvæðum. Við viljum síður sjá þetta land sundurgrafið aftur þ.e. ef einhver leyfi eru til efnistöku á svæðinu þyrftum við að vita af þeim.

Best er að afrit af öllum leyfum til efnistöku og efnislosunar á svæðum KKA séu send til stjórnar KKA þannig að við vitum hverjir eru þarna með leyfi bæjarins og hverjir ekki.“

KKA hefur keypt um 2600 tonn af mold árlega í brautir félagsins. Nú sækir félagið um að moldin verði unnin inni á svæði félagsins. Bæði mold sem er þar er fyrir og líka að aka mold inn á svæðið til vinnslu. Moldin yrði notuð á svæði KKA og annars staðar til að KKA þurfi ekki að greiða fyrir moldina. Fyrirtækið Finnur ehf. er tilbúið til að standa fyrir þessu.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA

Afrit Heilbrigðisnefnd.